

# Áskorun

*til iðnaðarráðherra um stofnstyrki til nýrra hitaveitna.*

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 6. nóvember 2007, skorar á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir að nægjanlegt fjármagn verði tryggt á fjárlögum 2008 til að gera upp stofnstyrki, bæði til hitaveituf framkvæmda fyrri ára og nýrra hitaveitna. Ársfundurinn leggur áherslu á að stofnstyrkir verði undir sérstökum fjárlagalið.

## Greinargerð

Stofnstyrkir til nýrra hitaveitna hafa verið bundnir af fjárlagalið 11-373 sem er upprunalega ætlaður fyrst og fremst til niðurgreiðslna á raforku til húshitunar. Fjárlagaliðurinn hefur ekki tekið mið af auknum verkefnum eða þeim sveiflum sem orðið hafa á útgjöldum milli ára.

Helstu verkefni sem sett voru á þennan fjárlagalið með lögum nr. 78/2002:

- Beinar niðurgreiðslur vegna rafhitunar,
- Eingreiðslur til hitaveitna 15-20% af fjárveitingu
- Jarhitaleit - allt að 5% af heildarfjárv
- Orkusparnaður 10 millj. kr. árlega
- Smávirðjanir og varmadælur 10 millj. kr. 2002 - 2007
- Niðurgr. olíuhitunar og einkarafstöðva u.þ.b 10 millj. árlega
- Umsjón og eftirlit Orkustofnunar 12 – 15 millj. kr. árlega

Fjárbörf umfram fjárveitingu.

Á árunum 1998 til 2002 voru greiddir styrkir til hitaveitna að upphæð 216,1 millj. kr. Með lögum um niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði frá 2002 var lögbundið að styrkja hitaveitur vegna lagningar hitaveitu á rafhituðum svæðum. Frá setningu laganna til dagsins í dag hafa komið umsóknir um styrki að fjárhæð 395,5 millj. kr. en eingöngu hefur tekist að verða við óskum að fjárhæð 245 millj. kr. Uppsöfnum fjárbörf í dag er 150 millj. kr.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2008 eru áætlaðar 1.130 millj. kr. til niðurgreiðslu á húshitunarkostnaði og af þeirri upphæð má gera ráð fyrir að 140 millj. kr. fari til að styrkja hitaveitur, að sögn Orkustofnunar.

Sú upphæð dugir ekki til að leysa þá fjárbörf sem þegar er fyrir hendi og áætlanir sýna að hitaveitur sækji um a.m.k 200 millj.kr. á árinu 2008 til viðbótar þeim 130 millj. kr. sem þegar hafa verið nefndar.

- i. Horfur eru á að stofnstyrkir til hitaveitna á næstu árum verði allverulegir með vísan til þess að á nokkrum stöðum er hitaveituvæðing í undirbúningi og ný virkjanleg jarðhitasvæði hafa verið að finnast.
- ii. Sérstaklega er bent á að með stofnstyrkum til hitaveitna vex kostnaður vegna “niðurgreiðslu” tímabundið þar sem kostnaður er áttfaldur miðað við hvern notanda á viðkomandi svæði. Á tímabilinu 2003 – 2009 ætti notendum með niðurgreiðslur að fækka um 1.200 – 1.500 með tilkomu hitaveitna.

# Áskorun


til iðnaðarráðherra um jarðhitaleita.

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 6. nóvember 2007, skorar á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir að fjármagn verði tryggt á fjárlögum 2008 bæði til jarðleitarátaks og að gera upp jarðhitaleitarkostnað fyrri ára. Jafnframt er því beint til ráðherra að stuðningur við jarðhitaleit verði sérstakur fjárlagaliður.

## Greinargerð:

Vísað er í kafla 3. í skýrslu vinnuhóps iðnaðarráðherra frá júní 2007 um ávinning og aðgerðir stjórnarvalda til að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis.

Í þeim kafla kemur m.a. fram að öflug jarðhitaleit er forsenda þess að auka hlut jarðhita í húshitun og til lengri tíma litið lækkar það niðurgreiðsluþörfina. Þá kemur fram í skýrslunni að ný tækni og ör þróun í efnisgerð getur leitt til þess að lagning og borun getur verið hagkvæm á þeim stöðum sem áður var ekki talið hagkvæmt að nýta jarðvarma til húshitunar



# Áskorun

til iðnaðarráðherra um niðurgreiðslur á raforku til húshitunar

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 6. nóvember 2007, skorar á iðnaðarráðherra að beita sér fyrri auknum niðurgreiðslum hitunarkostnaðar með raforku og tekið verði mið af því á fjárlögum 2008. Lagt er til að niðurgreiðslan verði ekki minna en 21 eyri /kWh umfram flutningskostnað.

Greinargerð:

Í skýrslu um ávinning og aðgerðir stjórnvalda til að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis kemur fram að raforkuverð til húshitunar hefur hækkað um 25% frá því ný orkulög tóku gildi í ársbyrjun 2005. Sérstök athygli er vakin á því að við endurskipulagningu niðurgreiðslanna eftir setningu orkulaganna var niðurgreiðslan skilgreind sem 21 eyrir/kWh umfram flutningskostnað. Staðan er þannig í dag að orkufyrirtækin hafa tekið þennan ávinning inn í sínar gjaldskrár og niðurgreiðslan er ekkert umfram flutningskostnað. Skorað er á ráðherra að beita sér fyrir leiðréttingu á þessum þætti.

Bent er á að fjárframlög til niðurgreiðslna þurfa að taka mið af fleiru en verðlagsþróun þar sem fjölgun notenda á niðurgreiðslusvæðunum hefur fjölgað. Fundurinn bendir á að auknar niðurgreiðslur jafna hag íbúa „kaldra svæða“ sem ennþá nota raforku til húshitunar.

Tafla úr skýrslunni:

	kr/k	Íbúafjöldi	Samanb. v. meðaltal	samanb. v. lágsta gildi
Jarðhiti 1	1,74	257.556	60%	100%
Jarðhiti 2	2,48	40.244	86%	143%
Jarðhiti 3	3,44	3.800	119%	198%
Kynt veita	2,57	9.165	89%	148%
Rafhitun	3,55	28.801	123%	204%
Olíuhitun	3,53	110	122%	203%
Meðaltal	<b>2,89</b>	56.612,67	100%	166%